

Skýrsla stjórnar 2014

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41. Þeir eru nú 83 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla þeirri reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, dósent HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, fagstjóri fráveitu OR), Dagur Jónsson (meðstjórnandi, vatnsveitustjóri Hafnafjarðar) og Jónas Elíasson (meðstjórnandi, rannsóknaprófessor HÍ). Sigurbjörn Búi Sigurðsson kom nýr inn í stjórn (ritari, tæknistjóri vatnsveitu OR).

Á starfsárinu 2013-2014 var lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Halda tvo félagsviðburði.
2. Taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðu um vatns- og fráveitumál.
3. Uppfæra fræðslu- og kynningarvefinn vafri.hi.is.
4. Innheimta félagsgjöld.

Félagsviðburðir:

Vísindaferð í vatns- og fráveitu Akraness var farin eftirmiðdaginn 3. október 2013. Vatnsveita Akraness er ein af fáum vatnsveitum á Suðvesturlandi sem nýtir yfirborðsvatn. Um þrjátíu manns tóku þátt í vísindaferðinni, þar sem boðið var uppá fræðslufyrirlestur um uppbyggingu og rekstur vatns- og fráveitunnar. Vatnsbólið við Akrafjall var heimsótt og síunar-og hreinsunarbúnaður skoðaður.

Ný skólphreinsistöð með tilheyrandi vélbúnaði var jafnframt skoðuð.

Vísindaferðin var skipulögð í samvinnu við Varma&Vélaverk, sem bauð upp á léttar veitingar í lok ferðar. Nánari upplýsingar um þessa vísindaferð eru að finna undir “viðburðir” á vefsíðu VAFRÍ.

Málstofa um nýjar stefnur og rannsóknir í vatns- og fráveitumálum var haldin þann 8. apríl 2014. Reynir Sævarsson, fagstjóri vatns- og fráveitna hjá EFLU, hélt erindið „hreinsun frárennslis á köldum svæðum“. Sveinn Þórólfsson, prófessor við NTNU háskólann í Noregi, ræddi um „orku í vatns- og fráveitum“ í tilefni af orkuþema dags vatnsins árið 2014.

Þjóðfélagsumræða:

Olíumengunarslys varð í Bláfjöllum þann 8. maí 2013 þar sem 600 lítrar af díselolíu láku í vatnsverndarsvæði höfuðborgarbúa. Misvísandi blaðafyrirsagnir um að „engin hættu væri á ferðum“ varð til þess að stjórn VAFRÍ ritaði blaðagrein sem birtist í Fréttablaðinu þann 23. maí. Greinin benti á að þetta væri sjötta slysið á sex árum á vatnsverndarsvæðunum. Einungis mánuði fyrir slysið hafði VAFRÍ staðið fyrir málþinginu „Veikir hlekkir í vatnsöflun á Íslandi“ þar sem hættur á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarinnar voru tíundaðar. Rætt var um mikilvægi vatnsverndar og hlutverk vatnsverndarsvæða. Hvatt var til þess að vatnsvernd yrði tekin af meiri alvöru en endurtekin mengunarslys bera vitni um, að mannleg umsvif á vatnsverndarsvæðum verði meira ígrunduð og að allir vinni saman eins og Sameinuðu þjóðirnar leggja til með því að skilgreina árið 2013 sem ár vatns samvinnu. Í kjölfar blaðagreinarinnar fóru fram bréfaskipti á póstlista félagsmanna VAFRÍ þar sem mismunandi skoðanir á málinu komu fram.

Vefsíðu- og kynningarmál:

Vefsíða VAFRÍ var stofnuð á haustmánuðum 2013. Meira ítarefni var sett á síðuna á síðasta starfsári, m.a. upplýsingar sem viðkoma störf félagsins, ný M5 hönnunarskúrakort og uppfærð Flóðahandbók. Formanni stjórnar barst fyrirspurn frá áhugamanni um fráveitumál á Mývatni, sem hafði kynnst félaginu í gegnum vefsíðu þess, sem styður áframhaldandi uppfærslu á vefsíðunni.

Innheimta félagsgjalda

Um þessar mundir stendur yfir innheimta félagsgjalda. Ársgjald fyrir einstaklinga er 2.000 kr. Til þess að einfalda innheimtuferlið bæði fyrir félagið og félagsmenn, var samþykkt á síðasta aðalfundi að bjóða uppá fyrirtækjaaðild: Fyrirtæki með 20 starfsmenn eða færri greiða 10.000 kr í ársgjald og stærri fyrirtæki 20.000 kr í ársgjald. Allar stóru verkfræðistofurnar, Verkís, Efla, Mannvit og VSÓ ætla að nýta sér þennan valkost ásamt Orkuveitu Reykjavíkur og Varma & Vélaverk. Um helmingur félagsmanna VAFRÍ starfa hjá þessum fyrirtækjum.

Reykjavík 8. Apríl 2014.

Stjórn VAFRÍ

Hrund Ó. Andradóttir, formaður
Sigurbjörn Búi Sigurðsson, ritari
Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Dagur Jónsson, meðstjórnandi
Jónas Elíasson, meðstjórnandi